



Alþingi
Velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2018
1802236/0.4.1/eb

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 148. löggjafarþing 2017–2018, 202. mál.

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið.


Embætti landlæknis vísar í fyrri umsögn um sambærilegt frumvarp á 146. löggjafarþingi 2016–2017, 431. mál, en þar var gert ráð fyrir breytingum á lögum um tóbaksvarnir með sömu efnistöfum að stærstum hluta og nú er lagt fram sem frumvarp til sérlaga.


Embætti landlæknis fagnar frumvarpinu og telur nauðsynlegt að sett verði lög um innflutning, sölu og markaðssetningu á rafrettum til að tryggja eftirlit og aukna neytendavernd með slíkum vörum.

Margir hafa leitað til embættisins og kallað eftir skýrum lagaákvæðum um rafrettur. Um er að ræða einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Þá hafa margir sem starfa með börnum og ungmennum, t.d. í skólastarfi, lýst áhyggjum af aukinni notkun ungmenna á rafrettum. Þeir hafa einnig kvartað yfir því að ekki sé hægt að vísa til nokkurra lagaákvæða um það hvar megi neyta vörunnar.

Við sem vinnum að tóbaksvörnum hjá embætti landlæknis tökum undir þessar áhyggjur og fögnum fram komnu frumvarpi eins og áður segir.

Virðingarfyllst,


Dóra Guðrún Guðmundsdóttir,
sviðsstjóri Áhrifaþátta heilbrigðis


Viðar Jensson,
verkefnastjóri tóbaksvarna